




### Lukasz Bednarek

**MS-ritgerð:** Algengi aukaverkana af völdum geðrofslyfja hjá sjúklingum geðrofsteymi Landspítala.

#### Höfundur

Lukasz Bednarek fæddist þann 12. ágúst 1996 í Białystok í Póllandi. Foreldrar hans eru Hanna Bednarek og Wiesław Bednarek. Hann flutti til Íslands árið 2002 og bjó þá á Hvolsvelli þar til hann flutti í Hafnarfjörð árið 2012.

Hann lauk stúdentsprófi á náttúrufræðibraut frá Fjölbautaskólanum í Garðabæ árið 2016 og hóf nám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands árið 2017. Lukasz hefur starfað samhliða námi í Apóteki Garðabæjar og mun halda því áfram eftir útskrift.



#### Stuttur útdráttur úr ritgerð

Geðrofslyf eru notuð til að meðhöndla geðklofa og aðra geðrofssjúkdóma. Þekkt er að lyfin geti haft íþyngjandi aukaverkanir. Algengi aukaverkana og samband aukaverkana við lífstílsþætti voru skoðuð hjá sjúklingum í geðrofsteymi Landspítala var skoðað ásamt því að samband aukaverkana við lífsstílsþætti var skoðað. Þátttakendur svöruðu spurningalista sem mat aukaverkanir þeirra og voru tveir spurningalistar voru notaðir í gagnasöfnun: Glasgow Antipsychotic side effect scale (GASS) eða GASS-clozapin. Þátttakendur svöruðu listunum sjálfir og veittu upplýst samþykki svo rannsakandi gat sótt upplýsingar varðandi lyfjainntöku í sjúkraskrá þeirra. Þátttakendur svöruðu spurningalistum sjálfir eftir að hafa veitt upplýst samþykki. Þátttakendur voru alls 44 og meirihluti þeirra (88,6%) upplifði vægar eða engar aukaverkanir af geðrofslyfjameðferðinni en enginn upplifði miklar aukaverkanir. Samband var til staðar á milli reykinga og aukinna aukaverkana en ekki fannst samband á milli aukaverkana og annarra þátta sem voru skoðaðir.